



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

161.

FUNDUR SKÓLANEFNDAR

16. apríl 1991.

Mættir: Hjálmar Árnason, skólameistari, Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, varaformaður, Kristbjörn Albertsson, Gísli Torfason, Guðjón Kristjánsson, Jón Sæmundsson og Jón Páll Eyjólfsson.


Dagskrá:


1. Fjármál FS m.v. 31.12.90.
 2. Fjárhagsáætlun 1992.
 3. Námsbrautir.
 4. Flugvirkjanám.
 5. Erindi Sjúkráliðafélags Suðurnesja.
 6. Lausar stöður við FS.
 7. Húsnæðismál.
 8. Önnur mál.
-
1. Fjármálastjóri FS kynnti rekstur skólans á árinu 1990 miðað við 31. desember 1990. Fram kom að tekjur og gjöld stóðust á. Fjármálastjóri gat þess þó að stöðug vandræði væru af greiðslum ríkissjóðs vegna skólaaksturs. Lítil breyting hefði orðið á. Nú væri vorönn 1991 senn á enda, en engar greiðslur vegna skólaaksturs hafa borist. Skólanefnd skorar á Menntamálaráðuneytið að finna þegar í stað farsæla lausn á máli þessu.
 2. Hjálmar Árnason, skólameistari, kynnti og útskýrði fyrir nefndarmönnum fjárhagsáætlun næsta árs 1992. Gjöld samtals eru áætluð kr. 166.632.000 og sértekjur kr. 2.200.000. Skólanefnd samþykkir fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta ár.

3. Skólameistari leggur til að FS í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, sveitarfélögin á Suðurnesjum, stéttarfélögin og fulltrúa atvinnulífsins og ráðuneytið, standi fyrir atvinnumálaráðstefnu þar sem ræddur er þáttur FS í atvinnulífi á Suðurnesjum. Kanna ætti hvaða nýjar námsbrautir þurfi að stofna til að þjóna sem best atvinnulífi Suðurnesja. Skólanefnd samþykkir tillögu skólameistara.
4. Samþykkt var að senda bréf til Flugleiða og ráðuneytis vegna flugvirkjanáms í FS í framhaldi af undirritun samnings um byggingu flugskýlis Flugleiða á Keflavíkurflugvelli.
5. Erindi frá Sjúkraliðafélagi Suðurnesja, með ósk um samstarf. Jákvætt tekið í erindið.
6. Auglýstar hafa verið lausar stöður við FS og er umsóknarfrestur til 30. apríl n.k.
7. Skólameistari lagði fram nýundirritaðan samning menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis annars vegar og sveitarfélaganna á Suðurnesjum hins vegar um viðbyggingu við FS. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með þennan samning og fagnar þessum áfanga í sögu skólans. Talsverðar umræður urðu um næstu skref varðandi viðbygginguna og er nefndin sammála um að fela væntanlegri bygginganefnd þau mál. Skólanefnd samþykkir að í bygginganefnd sitji: Hjálmar Árnason, Kristbjörn Albertsson og Sigríður Jóhannesdóttir og til vara Guðbjörg Ingimundardóttir og Gísli Torfason. Byggingarnefnd er falið að kanna hvernig best sé að framkvæmdunum staðið.
8. Önnur mál:
 - a) Skólameistari las bréf frá Íslenskum Aðalverktökum þar sem fram kom að ÍAV veitir styrk kr. 200.000 til tækjakaupa vegna eftirmenntunar iðnaðarmanna. Skólanefnd þakkar gjöfina.
 - b) Skólameistari skýrði frá kaupum á listaverki eftir Steinbjörn Logason sem unnið var á sköpunardögum skólans.

- c) Skólameistari lagði fram skýrslu frá Huldu Þorkelsdóttur, bókaverði FS, um þátttöku hennar í ráðstefnu "Computers in Libraries International '91" haldin 26. - 28. febrúar 1991 í London.

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður.


Guðbjörg Ingimundard.
ritaði fundargerð.